

**LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS**

**FJÖLRIT NR. 23**

**FUGLAATHUGANIR Í DÝRAFIRÐI  
OG ÖNUNDAFIRÐI 1985**

**Guðmundur A. Guðmundsson**

**Arnpór Garðarsson**

**REYKJAVÍK 1986**

## Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur .....	1
2. Aðferðir .....	2
2.1 Talningar í Dýrafirði .....	2
2.2 Talningar í Önundarfirði .....	4
2.3 Talningar annars staðar á Vestfjörðum ..	4
2.4 Talningar annars staðar á landinu .....	4
3. Niðurstöður talninga í Dýrafirði .....	5
3.1 Umfjöllun um einstakar tegundir .....	5
3.2 Ályktanir .....	16
4. Niðurstöður talninga í Önundarfirði .....	18
4.1 Inngangur .....	18
4.2 Æður .....	19
4.3 Vaðfuglar .....	20
4.4 Ýmsir aðrir fuglastofnar .....	22
4.5 Ályktanir .....	23
5. Þakkir .....	24
6. Heimildir .....	24
Töflur .....	25
Myndir .....	37
Viðaukar .....	48

## 1. Inngangur

Yfirlitskönnun vorið og sumarið 1979 leiddi í ljós að Dýrafjörður er meðal mikilvægustu svæða á Vestfjörðum sem viðkomustaður vaðfugla og uppeldisstöð æðarfugls (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980). Í Dýrafirði er mikið æðarvarp. Þegar könnun á fuglalífi fjarðarins var skipulögð var þess vegna lögð sérstök áhersla á æðarfugl og vaðfugla.

Talið var á nokkrum völdum tímum í Dýrafirði árið 1985.

1) Um vetur. 2) Í upphafi varptíma æðarfugls og fyrri hluta fartíma vaðfugla. 3) Um hámark varps æðarfugls og lok fartíma vaðfugla. 4) Við lok útleiðslu æðarfugls. 5) Á fellitíma æðarfugls, þegar ungasauði var að mestu afstaðinn og haustfar vaðfugla hafið.

Megináhersla var lögð á dreifingu stofna til þess að meta þýðingu einstakra hluta fjarðarins fyrir þá.

Hér fer á eftir stutt umfjöllun um mikilvægustu fugla- stofna í firðinum, en talningarniðurstöður eru að mestu settar fram í töflum og myndum. Annarra tegunda, sem ekki koma fyrir í töflum, er getið í viðaukum. Varðandi almenna umfjöllun um tegundirnar á Vestfjörðum vísast til fjölríts LH nr. 12 um rannsóknir í Önundarfirði 1979 (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980).

Reynt er að meta vægi einstakra svæða í Dýrafirði. Fjallað er um dreifingu æðarfugls síðsumars við Vestfirði. Gerður er samanburður á Dýrafirði og Önundarfirði, þar sem talið var samhliða, og bornar saman talningarniðurstöður í Önundarfirði 1979 (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980) og 1985.

## 2. Aðferðir

### 2.1 Talningar í Dýrafirði

Frá því í október 1984 til ágúst 1985 voru fuglar taldir sjö sinnum í Dýrafirði. Tvisvar var talið úr lofti (5. október 1984 og 26. júlí 1985) og fimm sinnum af landi (18. - 19. mars, 8. - 9. maí, 30. maí - 1. júní, 29. júní - 1. júlí og 25. - 26. júlí 1985) í öllum firðinum. Auk þessa eru til nokkrar eldri talningar frá Dýrafirði. Tvær eru úr stórum hluta fjarðarins (8. maí 1979 og 29. júlí 1979) þar sem allir fuglar voru taldir. Sjö eru úr innsta hluta fjarðarins, innan Lambadalsodda, (10. maí - 1. júní 1979) þar sem aðeins voru taldir vaðfuglar og aðrar fjórar af sama svæði (24. júlí - 10. ágúst 1979) þar sem allir fuglar voru taldir.

Í flugferðunum var aðaláherslan lögð á fjölda og dreifingu æðarfugla í Dýrafirði og utan hans og einnig í nærliggjandi fjörðum. Síðari talningin úr lofti var framkvæmd samhliða talningu af landi.

Talningar af landi beindust að öllu fuglalífi á firðinum og í fjörum. Dýrafirði var skipt í 27 talningarsvæði til þess að auðvelda talningar, þar sem tekið var mið af kennileitum á landi. Í úrvinnslu var þessum svæðum slegið saman í fjögur megin svæði (sjá 1. mynd): A) botn fjarðarins, innan Lambadalsodda (15 km strandlengja), B) milli Lambadalsodda og línu frá Þingeyri utanverðri að Lækjarósi við Mýrar (21 km strandlengja), C) milli línu frá Þingeyri að Lækjarósi og línu frá Eyrarhlið í suðri að Hlaðsnesi í norðri (20 km strandlengja) og loks D) utan línu frá Eyrar-

hlíð að Hlaðsnesi sem norðan megin fjarðarins náði út að Vogum utan Arnarness en út að Svalvogum í suðri (16 km strandlengja). Í mars og fyrri hluta maí var ekki unnt að telja svæði D nema að hluta, vegna ófærðar á vegum, eða út undir Eyrarhlíð í suðri (6 km strandlengja).

Talið var úr bifreið af vegi þar sem því var við komið, en annars var gengið. Staðir sem gengið var um voru: 1) út með Arnarnesi, 2) milli Gerðhamra og Núpsbótar, og 3) meðfram Mýrafelli. Við talningar var notuð fjarsjá (telescope) með 22x stækkun. Niðurstöður voru lesnar jafnóðum inn á segulband og síðan færðar inn á eyðublöð er tími vannst til. Í mars var ekki notað segulband, heldur skráði ritari niðurstöður jafnóðum.

Vegna þess hve talningarsvæðið í Dýrafirði er stórt (alls um 72 km strandlengja) reyndist ekki unnt að taka mið af sjávarföllum við talningarnar, nema að litlu leyti. Innan Lambadalsodda var talið tvisvar sinnum í hverri ferð, á aðfalli og á útfalli. Allt svæðið utan Lambadalsodda var hins vegar aðeins talið einu sinni í hverri ferð og án tillits til sjávarstöðu, enda var ekki unnt að ljúka talningu á skemmri tíma en tveimur dögum.

Frá fjarðarbotni út að Höfðaodda var talið þvert yfir fjörðinn öðrum megin frá, en utar varð að telja út á miðjan fjörð beggja vegna frá.

Allir fuglar voru greindir til tegundar og í sumum tilfellum (æðarfugl og aðrir andfuglar) voru þeir greindir til kyns og aldursflokks þar sem því var við komið.

## 2.2 Talningar í Önundarfirði

Önundarfirði var skipt í 10 talningarsvæði til þess að auðvelda talningar, en í úrvinnslu gagna var firðinum skipt í þrjú svæði. Auk þess var talið á Ingjaldssandi í öllum ferðum nema í mars. Svæðin sem notuð voru til úrvinnslu voru eftirfarandi (sjá 1. mynd): a) botn fjarðarins að brú og þ.m.t. Vöðin (13 km strandlengja), b) utan brúar að línu frá Öfæru í suðri að Flateyri utanverðri í norðri (16 km strandlengja), c) utan línu Öfæra-Flateyri, þar sem talið var út að Kálfeyri í norðri og að Sporhamarsfjalli í suðri (5 km strandlengja) og d) Ingjaldssandur (2km strandlengja). Sömu aðferðum var beitt við talningar í Önundarfirði og í Dýrafirði, nema hvað aðeins var talið einu sinni í botni Önundarfjarðar í hverri ferð.

## 2.3 Talningar annars staðar á Vestfjörðum

Dagana 27. - 28. júlí 1985 var farið um vestanverða Vestfirði, allt frá Vatnsfirði á Barðaströnd og norður um til Arnarfjarðar og æðarfugl talinn á svæðum sem hægt var að komast að á bíl. Einnig var talið á Skutulsfirði. Áhersla var lögð á æðarkollur og unga en fellihópar blika voru einnig taldir (6. mynd, Tafla 3). Árið 1979 var einnig farið síðsumars í sama tilgangi um þetta svæði (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980).

## 2.4 Talningar annars staðar á landinu

Vaðfuglar voru taldir 16 sinnum um fjöru á leirum við ósa Eyjafjarðarár á tímabilinu frá 12. apríl til 4. júní

1985 (Viðauki C). Þessar talningar gefa vísbendingu um far-tíma einstakra tegunda um norðanvert landið vorið 1985, auk þess sem aflað var frekari upplýsinga um fuglalíf á leirunum (sbr. Arnþór Garðarsson o.fl. 1976).

Æðarfuglar voru taldir í innanverðum Hvalfirði og í Kollafirði 12. ágúst 1985, til þess að fá samanburð við svæði utan Vestfjarða. Þar var áhersla lögð á kollur og unga.

### 3. Niðurstöður talninga í Dýrafirði

#### 3.1 Umfjöllun um einstakar tegundir

##### Fýll (*Fulmarus glacialis*)

Fýll sást í miklum mæli í öllum talningum. Fjöldi skipti yfirleitt þúsundum úti í mynni fjarðarins, en þar er mikið fýlsvarp. Slæðingur af fýl sást innar í firðinum, aðallega undir Mýrafelli, þar sem nokkrir tugir verpa. Í lok maí sáust fýlar allt inn að Lambadalsodda.

##### Grágæs (*Anser anser*)

Grágæs sást í öllum talningum nema í mars (Tafla 1). Heildarfjöldi í firðinum var 44 8. - 9. maí og voru flestar við Mýramel (30). Um mánaðamótin maí-júní sáust alls 40 grágæsir í firðinum. Mánuði síðar sáust 32 fullorðnar grágæsir, þar af 11 þör með alls 41 unga. Dagana 25. - 26. júlí sáust 22 fullorðnir fuglar með alls 49 unga. Grágæsir með unga sáust aðallega á tveimur stöðum, við Mýramel og í grennd við Lambadalsodda.

### Stökkönd (*Anas platyrhynchos*)

Stökkönd sást í öllum talningum (Tafla 1). Flestar voru þær 311 18. - 19. mars (131 kolla og 180 steggir, kynjahlutfall 0,72 kollur/stegg). Um varptímenn eru kollurnar mikið í felum og koma því fáar fram í talningum. Í maí og júní sást á bilinu 58 - 67 steggir í öllum firðinum. Fjöldi steggja um varptímenn og kynjahlutfall fyrir varptímenn bendir til að um 40 - 50 stökkandarpör verpi í firðinum. Þann 30. júní sást kolla með 6 unga við Ketilseyri og 25. - 26. júlí sást 3 kollur með unga í firðinum. Í lok júlí varð nokkur fjölgun steggja, alls sást 95. Svo virðist sem talsvert fleiri stökkendur haldi sig í Dýrafirði á veturnum (um 300) en verpa þar (um 100) og nokkuð af aðkomufuglum felli flugfjaðrir á svæðinu. Dreifing stökkanda á firðinum var mjög breytileg eftir árstíma og ekkert eitt svæði skar sig úr í fjölda. Stökkendur héldu sig alltaf í talsverðum mæli innst í fjarðarbotninum og á innanverðum Lambadalsodda, 23-51% af heildarfjölda.

### Æðarfugl (*Somateria mollissima*)

Í Dýrafirði verpa um 5.600 pör æðarfugla. Stærstu vörpin eru við Mýrar (um 2.700), við Læk (um 2.200) og við Hóla (um 500) (Zophonías Þorvaldsson, Valdimar Gíslason, Guðbrandur Stefánsson, munnl.uppl.). Æðarfuglar halda sig í og við Dýrafjörð allt árið, en fjöldi er nokkuð breytilegur inni á firðinum.

Í talningu úr lofti 5. október 1984 sást 3.640 æðarfuglar á öllu talningarsvæðinu í Dýrafirði (svæði A, B, C og



D, sbr. 1. mynd) og 10.260 utan þess, við mynni fjarðarins (2. mynd). Í talningu af landi 18. - 19. mars 1985 sáust 4.963 æðarfuglar alls á talningarsvæðinu (Tafla 2). Þessar tölur benda til þess að allt að 40% varpstofnsins, sem talinn er vera um 11.500 fuglar, sé inni á firðinum að vetrarlagi. Að sögn heimamanna halda æðarfuglar sig úti í mynni fjarðarins að vetrarlagi, en vorið 1985 komu þeir óvenju snemma inn á fjörðinn (Zophonías Þorvaldsson, Guðbrandur Stefánsson). Hugsanleg skýring á þessu er hið óvenju milda árferði veturinn 1984-5. Dagana 18. - 19. mars 1985 var nær enginn ís á Dýrafirði, en algengt er að innsta hluta fjarðarins leggi allt út að Lambadalsodda (Zophonías Þorvaldsson). Æðarfuglar voru dreifðir um allan fjörð í mars, þó þéttleiki hafi verið mestur úti við mynni fjarðarins (3. mynd D). Þéttleiki á svæðum A, B, og C var jafn, 70-80 fuglar á kílómetra strandlengju. Kynjahlutfall á öllu talningarsvæðinu í mars var 0,965 (kollur/blikar), en blikar voru í hæstu hlutfalli í mynni fjarðarins (Tafla 2).

Dagana 8. - 9. maí 1985 sáust 3.899 æðarblikar á talningarsvæðinu. Æðarfugl var að setjast upp í vörpunum og nokkrar kollur voru farnar að verpa. Fyrstu egg fundust seinustu daga apríl (Kristinn Haukur Skarphéðinsson). Útreiknaður heildarfjöldi æðarfugls í maíbyrjun, miðað við kynjahlutfall í mars, var 7.662 sem er um 70% af varpstofninum. Dreifing fuglanna var nokkuð frábrugðin ástandinu í mars. Þéttleiki á svæðum A, B og D var enn mjög svipaður, en hlutfall blika var herra. Á svæði C, en þar verpa 99% af stofninum, hafði fjöldinn þrefaldast.

Dagana 30. maí - 1. júní 1985 sáust alls 5.792 æðar-  
blikar á talningarsvæðum sem gefur útreiknaðan heildarfjölda  
11.381 og er það nánast allur varpstofninn (hlutfall geld-  
fugla í stofninum er ekki þekkt, en veturliðar voru á bilinu  
4-8% af blikum í mars - júní). Um mánaðamótin maí-júní var  
varpið í hámarki (Zophonías Þorvaldsson). Enginn ungi kom  
fram í þessari talningu í Dýrafirði, en í Önundarfirði voru  
a.m.k. 2 kollur komnar með unga á sjó 29. maí. Þéttleiki  
hafði minnkað mikið á svæðum A, B og D og voru blikar í  
talsverðum meirihluta. Á svæði C hafði fjöldi æðarfugls  
rúmlega tvöfaldast frá byrjun maí (3. mynd).

Dagana 29. júní - 1. júlí 1985 var varpi nær lokið.  
Aðeins fáeinir kollur sáust enn í vörpunum. Alls sáust  
4.712 fullorðnir æðarfuglar á talningarsvæðinu öllu, sem er  
um 40% varpstofnsins. Þéttleiki þeirra var mestur í botni  
fjarðarins (svæði A) og úti í mynni hans (svæði D). Inni í  
botni voru blikar í miklum meirihluta (80% af heildarfjölda)  
en utar voru hlutföll kynja jafnari.

Alls sáust 2.328 æðarungar á talningarsvæðinu mánaða-  
mótin júní-júlí, og var þéttleiki þeirra mestur í mynni  
fjarðarins (um 50 ungar á hvern km strandlengju). Inni í  
fjarðarbotni var þéttleiki næstmestur (31), en þar sáust 464  
ungar sem er 20% af heildarfjölda séðra. Þetta bendir til  
að ungar og ungamæður leiti frekar út í mynni fjarðarins en  
inn í botn (4. mynd, Tafla 2).

Tæpum mánuði síðar, 25. - 26. júlí 1985, var heildar-  
fjöldi fullorðinna æðarfugla nær óbreyttur (5.131) og dreif-  
ing sú sama og áður innan fjarðarins (3. mynd). Ungum hafði  
fækkað verulega, aðeins sást 681 ungi. Dreifing unganna

hafði breyst á þann hátt að þéttleiki var nú minnstur inni í botni fjarðarins (67 ungar eða tæplega 10% af heildarfjölda) en jókst er utar dró (4. mynd).

Í stuttu máli má segja að utan varptíma haldi um 40% varpstofnsins í Dýrafirði sig inni á firðinum. Dreifing fuglanna var nokkuð breytileg eftir kynjum. Kollurnar dreifðu sér nokkuð jafnt um svæði A, B og C, en blikarnir skáru sig nokkuð úr með mikinn þéttleika innan Lambadalsodda, þar sem um 1.300 blikar felldu flugfjaðrir sumarið 1985. Jafnstór fellihópur blika (1.312) var á sama stað 24. - 28. júlí 1979 en stækkaði síðar og taldi um 1.900 fugla þann 3. ágúst 1979 (Ólafur Karl Nielsen, óbirt gögn). Utan varptíma var þéttleiki æðarfugls mestur á svæði D (mynni). Talningar úr lofti í október 1984 og í lok júlí 1985 sýndu að mikill fjöldi æðarfugla hélt sig norðan við mynni fjarðarins, aðallega milli Fjallaskaga og Nesdals (10.260 í október 1984 og 5.460 í júlí 1985) (2. & 5. mynd).

Til þess að fá hugmynd um þéttleika æðarfugls annars staðar en í Dýrafirði og Önundarfirði, voru æðarfuglar taldir víða á vestanverðum Vestfjörðum 24. - 28. júlí 1985, allt frá Vatnsfirði, V.-Barð. til Arnarfjarðar og einnig í Skutulsfirði (Tafla 3, 6. mynd). Auk þess var talið í innanverðum Hvalfirði 12. ágúst 1985. Samanlagður þéttleiki blika, kollna og unga var mestur í Skutulsfirði og Dýrafirði, um 80 æðarfuglar á hvern km strandlengju, en minnstur í Patreksfirði og Tálknafirði, um 20. Þéttleiki æðarfugls í Hvalfirði var mjög svipaður meðalþéttleika á Vestfjörðum (Tafla 3). Hlutföll milli blika, kollna og unga eru mjög breytileg milli fjarða. Líklega ráða fæðuskilyrði þar

mestu, en vöxtur unga og endurnýjun flugfjaðra er mjög orkufrek.

Athugun á fæðu fullorðinna æðarfugla, með og án unga, og unganna sjálfra (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980) sýndi mjög skýra skiptingu milli þessara hópa. Um 80% af aðalfæðu fullorðinna æðarfugla án unga var kræklingur (*Mytilus edulis*), en hjá ungamæðrum skipuðu marflær (*Amphipoda*) jafnstóran sess. Litlir ungar nærðust eingöngu á marflóm.

Í Dýrafirði og Skutulsfirði var hlutfall kollna og blika mjög jafnt í lok júlí 1985. Þéttleiki unga var mestur í Önundarfirði, um 15 á km strandlengju, næstmestur í Dýrafirði (9,5) en minnstur í Arnarfirði, tæplega 3 (athugun fór einungis fram í innstu hlutum fjarðarins). Þar voru aftur á móti stórir fellihópar blika, öfugt við Önundarfjörð þar sem fáir blikar fella flugfjaðrir.

Af þessu sést að Dýrafjörður er meðal mikilvægustu uppeldisstöðva æðarunga, með næsthæstan þéttleika af þeim svæðum sem könnuð voru. Eins og fram hefur komið voru ungar dreifðir með ströndum um allan Dýrafjörð, en mest var af þeim yst. Fjarðarbotninn virðist ekki gegna neinu afgerandi hlutverki í þessu sambandi.

#### Hávella (*Clangula hyemalis*)

Mikið sást af hávellu í mars (alls 989, þar af voru 913 kyngreindar, 417 kollur og 496 steggir). Hávellur sást um allan fjörð en mest var af þeim úti í fjarðarmynni (Tafla 1). Kollur voru í meirihluta innan Þingeyrar (137 kollur, 130 steggir) en úti í mynni fjarðarins voru steggir í yfirgnæfandi meirihluta (366 steggir, 280 kollur). Í byrjun maí

voru hávellur líðlega helmingi færri (453) en í mars, en dreifing svipuð og áður. Þann 8. maí 1979 sáu 2500 hávellur við mynni Dýrafjarðar (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980). Í lok maí 1985 sáu aðeins 11 hávellur í öllum firðinum, 5 sáu mánuði síðar og engin sáu í talningu síðari hluta júlímánaðar.

#### Straumönd (*Histrionicus histrionicus*)

Straumönd sást í öllum talningum (Tafla 1), en mest var af henni í mars (213 alls, 81 kolla og 132 steggir). Þær héldu sig aðallega yst á talningarsvæðinu, milli Gerðhamra og Arnarness og milli Hafnarness og Svalvoga.

#### Toppönd (*Mergus serrator*)

Toppönd sást í öllum talningum (Tafla 1). Flestar voru þær í mars (50) en færstar í lok júlí (5). Ekkert mynstur sást á dreifingu toppanda í firðinum en þær notuðu fjarðarbotninn, innan Lambadalsodda, talsvert um veturinn og vorið. Síðsumars 1979 sást fellihópur (10 fuglar) við Valseyri (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980).

#### Gulönd (*Mergus merganser*)

Dagana 18. - 19. mars 1985 sáu 21 gulönd í Dýrafirði og voru þær allar inni í fjarðarbotni (12 kollur og 9 steggir). Gulönd sást næst í talningu 25. júlí og var það kolla með 1 unga á sjó undir Eyrarhlíð (Viðauki A). Árið 1979 sáu gulendur tvisvar í Dýrafirði, 10. maí var þar við Lambadalsodda og 24. júlí var stakur fullorðinn fugl á svipuðum slóðum (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980).

Tjaldur (*Haematopus ostralegus*)

Tjaldur sást í öllum talningum (7. mynd, Tafla 4). Í mars sáust alls 63 tjaldar í firðinum. Guðbrandur Stefánsson bóndi á Hólum sagði það óvenjulegt að tjaldar væru við fjörðinn á veturnum, en veturinn 1984-5 varð hann þeirra var strax í janúar. Líklegast var þetta vegna óvenju milds árferðis. Sami fjöldi sást í talningum í maí (64 - 66) en fjölgaði nokkuð um mánaðamótin júní-júlí (77). Í lok júlí sáust 137 tjaldar en nokkur hluti þeirra voru fleygir ungar. Dreifing tjalda var nokkuð jöfn í firðinum í öllum talningum og yfirleitt voru fáir saman. Helstu flóðsetur voru á Lambadalsodda, við Dranga og við Hvamm. Lítið var um tjald úti í mynni fjarðarins (svæði D). Í lok júlí voru tjaldar aðallega innst í firðinum.

Sandlóa (*Charadrius hiaticula*)

Sandlóa sást í öllum talningum nema í mars (7. mynd, Tafla 4). Fæstar voru þær um mánaðamótin júní-júlí (22) en flestar í lok júlí (42). Svipaður fjöldi sást í báðum talningum í maí, þótt umferð sandlóu sé í hámarki um mánaðamótin maí-júní (sbr. Viðauki C). Í Önundarfirði sáust mun fleiri sandlóur 28. - 30. maí (200) en þann 10. maí (69) (Tafla 8). Í lok júlí sáust 302 sandlóur í Önundarfirði, en aðeins 42 í Dýrafirði. Þetta gæti bent til þess að umferðarfuglar hafi ekki haft viðkomu í Dýrafirði árið 1985 heldur hafi einungis sést fuglar sem verpa á svæðinu. Árið 1979 sáust 58 sand-

lóur á Lambadalsodda 17. maí og 35 á sama stað 28. júlí  
(Arnpór Garðarsson o.fl. 1980).

Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*)

Fáar heiðlóur sáust við og í fjörum í Dýrafirði árið  
1985 (Tafla 4). Nokkuð var um heiðlóur á túnnum í maí,  
sérstaklega við Núp, um 80 þann 9. maí og um 110 þann 31.  
maí. Þann 28. maí 1979 sáust 250 heiðlóur á Lambadalsodda  
(Arnpór Garðarsson o.fl. 1980).

Tildra (*Arenaria interpres*)

Mest sást af tildrum fyrri hluta maí, 1.172 í öllum  
firðinum (Tafla 4). Þær voru aðallega við Mýrafell utanvert  
(200 í flóðsetri við Helli 9. maí) og milli Núpsbótar og  
Geróhamra (samtals tæplega 800 í nokkrum hópum 9. maí).  
Smærri hópar sáust einnig við Lækjarós við Mýrar og við  
Garósenda utan Þingeyrar. Í talningu á Lambadalsodda sáust  
236 tildirur í flóðsetri þann 29. maí. Í talningu um flóð  
31. maí sáust 100 tildirur innan Lambadalsodda, en í talningu  
um fjöru sáust 15 tildirur innan oddans. Annars staðar í  
firðinum sáust alls 43 tildirur.

Þrjár litmerktar tildirur sáust í Dýrafirði í maí 1985.  
Þær voru allar merktar að vetrarlagi árið 1982 í Ardrossan  
við Firth of Clyde í Skotlandi og hafa sést þar á hverjum  
vetri síðan.

Stelkur (*Tringa totanus*)

Stelkur sást í öllum talningum nema í mars (7. mynd,  
Tafla 4). Flestir voru þeir 286 í byrjun maí en fæstir 124

um mánaðamótin maí-júní. Í Eyjafirði náði fjöldi stelka hámarki fyrstu daga maí mánaðar (Viðauki C). Stelkar sáu í fjörum um allan Dýrafjörð, en þó minnst yst. Þeir notuðu leirur í fjarðarbotninum mikið, sérstaklega um fartímann, í byrjun maí og lok júlí. Stór flóðsetur voru á Lambadalsodda um mánaðamótin júní-júlí og í lok júlí. Vorið 1979 sáu flestir stelkar 8. maí (173) innan Lambadalsodda. Þann 3. ágúst 1979 sáu 227 stelkar á sama svæði (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980).

#### Rauðbrystingur (*Calidris canutus*)

Lítið sást af rauðbrystingum í Dýrafirði 1985, 38 í byrjun maí, 116 voru í flóðsetri á Lambadalsodda 29. maí og dagana 30. maí - 1. júní sáu 47 (Tafla 4). Þann 28. maí 1979 náði fjöldi rauðbrystinga hámarki á Lambadalsodda (2.200) en á tímabilinu frá 17. maí til 1. júní voru ekki færri en 800 í innanverðum firðinum (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980, Ólafur Karl Nielsen, óbirt gögn). Hugsanlegt er að við höfum misst af hámarkinu í fjölda rauðbrystinga árið 1985, en ýmislegt bendir einnig til að mun færri hafi átt leið um svæðið en árið 1979. Kristinn Haukur Skarphéðinsson sem var við fuglaathuganir í Dýrafirði vorið 1985 sá 144 rauðbrystinga á Lambadalsodda 17. maí og 205 þann 26. maí. Þann 25. júlí 1985 sáu 3 rauðbrystingar innan við Lambadalsodda. Árið 1979 sáu fyrstu rauðbrystingarnir síðsumars þann 10. ágúst (10) á Lambadalsodda (Ólafur Karl Nielsen, óbirt gögn).



Sendlingur (*Calidris maritima*)

Sendlingar sáust í öllum talningum (7. mynd, Tafla 4). Þeir voru flestir í byrjun maí (108) en fæstir um mánaðamótin júní-júlí (5). Þeir sáust helst inni í fjarðarbotni, innan Lambadalsodda. Árið 1979 sáust 200 sendlingar við Lambadalsodda þann 10. maí (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980).

Lóupræll (*Calidris alpina*)

Fáir lóuprælar sáust í Dýrafirði árið 1985 (7. mynd, Tafla 4). Frá maí til loka júlí sáust flestir fyrrihluta maí (27) en fæstir um mánaðamótin maí-júní (8). Vorið 1979 sáust flestir þann 17. maí (10) en síðsumars sáust flestir þann 3. ágúst (13) í innanverðum firðinum (Ólafur Karl Nielsen, óbirt gögn).

Svartbakur (*Larus marinus*) og hvítmáfur (*L. hyperboreus*)

Mikið sást af stórmáfum í Dýrafirði í öllum talningum (Tafla 1). Voru þeir algengir um allan fjörð. Mest var af þeim í grennd við Þingeyri um vorið en úti í mynni fjarðarins um sumarið. Hvítmáfar voru algengastir, 62 - 78% af heildarfjölda tegundanna, en stór hvítmáfsvörp eru við mynni fjarðarins. Af hvítmáfum voru ungfuglar um 40% í mars og í lok júlí en 22 - 25% í maí og júní. Af svartböfum voru ungfuglar 4% í mars og 7% í lok júlí en 34 - 39% í maí og júní.

Hettumáfur (*Larus ridibundus*)

Talsvert sást af hettumáfi í öllum talningum nema í mars (Tafla 1). Flestir voru þeir 196 í byrjun maí en fæstir 34 í lok júlí. Voru þeir aðallega við Mýramel, en

nokkuð hettumáfsvarp er þar í grennd við Lækjarós, sennilega á bilinu 50 - 100 pör.

#### Kría (Sterna paradisaea)

Kríur sáust í öllum talningum frá byrjun maí, flestar 710 í lok júlí (þ.m.t. fleygir ungar) en fæstar 111 í byrjun maí (Tafla 1). Þær sáust um allan fjörð en mest var um þær við ósa Núpsár. Þar er nokkuð kríuvarp, á að giska 100 - 150 pör. Smá vörp eru við ósa Hjarðardalsár, á sjávarbökkum við Hóla og á Sveinseyri.

#### Teista (Cepphus grylle)

Teistur sáust í öllum talningum, flestar 156 í byrjun maí en fæstar 83 í mars (Tafla 1). Þær sáust inn allan fjörð en mest var af þeim undir Mýrafelli, 114 fyrri hluta maímánaðar og 90 í lok maí. Nokkuð var af teistu undir björgum við Eyrarhlið um sumarið.

#### Álka (Alca torda)

Álkur sáust á Dýrafirði í öllum talningum nema í mars og voru þær flestar 267 um mánaðamótin maí-júní (Tafla 1). Álkur héldu sig úti á miðjum firðinum og fóru allt inn að Höfðaodda, en mest var um þær úti í mynni fjarðarins.

### 3.2 Ályktanir

Brú yfir Dýrafjörð getur haft margvísleg áhrif á þá fuglastofna sem nýta sér innsta hluta fjarðarins. Til dæmis veldur stórfelld þrenging á firðinum röskun á sjávarföllum þannig að þeim seinkar innan brúar. Slíkt getur hugsanlega

talist jákvætt fyrir stofna sem nýta fjörur, því mögulegur fæðuöflunartími lengist sem seinkuninni nemur. Fuglarnir geta flutt sig á svæðið innan brúar þegar fallið hefur yfir fjörur utan hennar.

Önnur breyting, sem fyrirhuguð brúargerð veldur, er að uppfyllingin torveldar flutning fugla milli svæða innan og utan hennar. Þetta snýr fyrst og fremst að æðarfugli, sem flytur sig talsvert til eftir sjávarföllum. Talningar innan Lambadalsodda sýndu að 10-30% færri æðarfuglar voru þar á flóði en um fjöru. Fyrir æðarunga er innsti hluti Dýrafjarðar tæplega mikilvægari en aðrir hlutar fjarðarins (sbr. 4. mynd). Sennilega mun nýting svæðisins sem uppeldisstöð minnka eitthvað með tilkomu brúarinnar, vegna augljósra erfiðleika við að komast inn fyrir hana. Hvort æðarblikarnir (um 1300 fuglar) sem fellt hafa flugfjaðrir á innsta hluta Dýrafjarðar halda uppteknum hætti er erfitt um að dæma, en líklegt er að þeir felli annars staðar ef firðinum verður lokað.

Á Lambadalsodda, fyrirhuguðu brúarstæði, eru oft stór flóðsetur vaðfugla. Má í þessu sambandi nefna 2.200 rauðbrystinga sem voru þar í maí 1979 (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980). Líklegt er að brúin og aukin umferð þröngvi vaðfuglum til að leita á aðrar slóðir.

Að lokum má nefna að fyrirhugaðar framkvæmdir geta breytt fæðuframboði fyrir fuglana í innsta hluta fjarðarins, en vaðfuglar nýta sér leirur þar í talsverðum mæli. Um eðli þeirra breytinga og áhrif á fuglalíf er ekki gott að spá.

Í stuttu máli virðist innsti hluti Dýrafjarðar ekki gegna stóru hlutverki fyrir fuglalífið í firðinum og verndargildi því lítið í því tilliti.

#### 4. Niðurstöður talninga í Önundarfirði

##### 4.1 Inngangur

Árið 1985 var talið fimm sinnum í Önundarfirði öllum og fjórum sinnum á Ingjaldssandi. Talningarsvæðið var það sama og í tveimur heildartalningum á æðarfuglum, í byrjun maí og lok júlí 1979 (sbr 1. mynd) (Tafla 3, Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Árið 1979 fóru einnig fram reglubundnar talningar á innsta hluta fjarðarins, innan Holtsodda, tímabilin 26. apríl til 29. maí og 18. júlí til 10. ágúst.

Hér verður fjallað um talningarnar bæði árin, en of langt mál yrði að fjalla um allar tegundir sem sáust, svo stiklað verður á stóru í umfjöllun um þær algengustu. Að öðru leyti vísast til Taflna 6 - 10, Viðauka B og 8. - 10. myndar varðandi talningarniðurstöður 1985, og til Taflna 1 og 2 í skýrslu um rannsóknir í Önundarfirði 1979 (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Hafa ber í huga þegar niðurstöður þessara ára eru bornar saman, að árið 1979 var talið mjög oft í langan tíma á afmörkuðu svæði, en 1985 voru aðeins fáar talningar með löngu millibili þar sem talið var á stóru svæði.

Í Töflum 6, 8 og 9 er svæði b skipt í tvo hluta, b1 (frá brú að Holtsodda) og b2 (frá Holtsodda að Flateyri). Svæði a (Vöð, innan brúar) og b1 samanlögð samsvara því talningarsvæði sem talið var árið 1979.

#### 4.2 Æður

Í Önundarfirði er mikið æðarvarp, 3.000 - 3.500 hreiður. Stærstu vörpin eru við Tannanes, Innri Veðrará, á Holtsodda, í landi Þórustaða og Innri Hjarðardals. Um 60% af heildarfjölda æðarfugla er í vörpunum innan við nýja vegarstæðið (sbr. Arnþór Garðarsson o.fl. 1980).

Dagana 17. - 20. mars 1985 sáuust alls 1.419 æðarfuglar á talningarsvæðinu (ekki var talið við Ingjaldssand) og var þéttleiki mestur yst á svæðinu (8. mynd) en innan brúar var nær allt ísi lagt. Alls sáuust 685 æðarkollur og 734 æðarblikar, sem gefur kynjahlutfall 0,93 kollur/blika).

Í byrjun maí sáuust 2.022 blikar sem gefur útreiknaðan fjölda kollna 1.886, miðað við kynjahlutfall í mars, og heildarfjölda æðarfugla þar með 3.908. Þéttleiki blika var nokkuð jafn um allan fjörð en mestur þéttleiki kollna var innst í firðinum, ef hópurnir út af Ingjaldssandi er undanskilinn. Dagana 6. - 8. maí 1979 sáuust alls 3.511 æðarfuglar á sama svæði og var dreifing svipuð (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980).

Í lok maí hafði blikum enn fjölgað og sáuust alls 2.456. Sá fjöldi gefur útreiknaðan heildarfjölda æðarfugla 4.747, en það er um 3/4 af áætluðum heildarvarpstofni. Í Dýrafirði sáuust á sama tíma nær sami fjöldi blika og talið er að standi að varpinu þar. Árið 1979 sáuust flestir æðarfuglar þann 15. maí í Önundarfirði (4.538) og sama dag náði fjöldi æðarfugla hámarki á talningarsvæðinu innan Holtsodda (2.885). Þetta bendir til þess að æðarfugl hegði sér á mismunandi hátt í Dýrafirði og Önundarfirði. Æðarblikar virðast halda til

